

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að mörkum sveitarfélagsins Voga.

Breytingin felst í því að legu Reykjanesbrautar er breytt sunnan við Álverið í Straumsvík og lega stofnbrautar um Kapelluhraun skv. Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er felld niður. Þess í stað mun stofnbrautin vera áfram í núverandi vegstæði við Straumsvík og í stað stofnbrautar um Kapelluhraun mun koma tengibraut sem þjónusta mun iðnaðarsvæðin í Kapelluhrauni og Hellnahrauni og tryggja aðgengi að Kapellutóft heilagrar Barböru og öðrum aðliggjandi svæðum.

Svæðið sem tekur til tvöföldunar Reykjanesbrautar liggur frá núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegar og að mörkum Hafnarfjarðar og sveitarfélagsins Voga. Um er að ræða breikkun á núverandi vegstæði, þannig að það rúmi alls fjórar akstursgreinar, tvær í hvora átt ásamt tilheyrandi umferðarmannvirkjum, öruggis-svæðum og tæknibúnaði sem fylgir slíkum mannvirkjum.

Í gildandi Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 segir um Reykjanesbraut á bls. 12: Ný lega fundin fyrir færslu Reykjanesbrautar, hún tvöfölduð í nýju vegstæði. Eystri tengibraut frá Reykjanesbraut að Ofanbyggðavegi felld niður og verður að innanhverfisvegi.

og á bls. 93: Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 var gert ráð fyrir að Reykjanesbraut yrði færð í nýja legu sunnan Straumsvíkur ef í framtíðinni verður farið í stækkun Álversins í Straumsvík. Við nánari rannsókn vegstæðisins kom í ljós að vegna fornleifa og náttúruvænna í vegstæðinu þurfti að færa það sunnar og lengja til muna, og í endurskoðun aðalskipulagsins er brautin sett í nýtt vegstæði í samræmi við niðurstöður rannsóknarinnar, sem unnin var í samvinnu við Vegagerðina


Fallið hefur verið frá stækkun Álversins í Straumsvík til suðurs yfir núverandi vegstæði Reykjanesbrautar og skapast því svigrúm til áframhaldandi legu brautarinnar á óbreyttum stað.

Með legu Reykjanesbrautar við Álverið í Straumsvík skapast mun betri tenging við aðliggjandi svæði norðan brautarinnar þar sem skipulagi var frestað. Tekið verði tillit til helgunarsvæðis háspennulína á svæðinu. Sett eru inn gatnamót við Rauðamel til að bregðast við framtíðar uppbyggingu á Öttarsstaða- og Lónakotslandi. Þarna hafa einnig verið hugmyndir um uppbyggingu á framtíðar hafnarsvæði.


Í stað stofnbrautar um iðnaðarsvæðin í Kapelluhrauni og Hellnahrauni komi tengibraut sem tengist Reykjanesbraut með mislægum gatnamótum.

Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar verður uppfærð. Sjá jafnframt meðfylgjandi greinargerð og umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingar dags. 9.3.2021.

FYRIR



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025
Staðfest af skipulagsstofnun 10.07. 2014



EFTIR Breytt landnotkun — Mörk breytinga

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010


Tillagan var auglýst frá 9.7.2021 til 23.8.2021 og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar

þann: 13. október 2021

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

þann: 16. des. 2021.




Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild stjórnartíðinda þann: _____ 2021

Skýringar:

- M Miðbær, miðsvæði
- Vb Verslunar- og þjónustusvæði
- S Samfélagsþjónusta
- I Iðnaðarsvæði
- AT Athafnasvæði
- IB Iðnaðarsvæði
- H Hafnarsvæði
- F Svæði fyrir frístundabyggð
- K Kirkjugarðar og grafteitir
- E Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- IP Íþróttasvæði
- ÖB Öbyggs svæði
- AF Afpreyingar- og ferðamannasvæði
- Skipulagi frestað
- SL Skógræktar og landgræðslusvæði
- OP Opin svæði til sérstakra nota
- V Vötn, ár og sjór
- VH Veitur og helgunarsvæði
- FS/ Frílýst svæði
- ÖN Önnur náttúruverndarsvæði
- HV Hverfisvernd (hvít yfirstríkun)
- R Frílýstar fommjningar
- VB Vatnsbólsvæði
- VG Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II)
- VF Vatnsvernd Fjarsvæði (vatnsvernd III)
- VA Bráðabirgða þynningarsvæði álvers sett af Hollustuvernd ríkisins 1997
- Svæði takmarkaðrar ábyggingar, greinargerð 2.2.6 lög
- Sveitarfélagsmörk
- Stofnbrautir
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengibrautir
- Safngötur, sýndar að hluta vtenginga
- Mislæg gatnamót
- Undirgöng / brú
- Göngu- og hjólaleiðir
- Reiðleiðir
- Útivistarstigir
- Háspennulína
- Jarðstrengur
- Aðveituzó vatnsveitu
- Aðveituzó hitaveitu
- Frárænnisli
- Varnargarðar
- Þéttbýlismörk
- Tengivirkir
- Spennistöð

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025 SVÆÐI: REYKJANESBRAUT - FÆRSLA STOFNBRAUTAR VIÐ ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
HAFNARFJARÐAR
9.3.2021/Lagfært 1.6.2021 og 30.9.2021
skv. aths. Skipulagsstofnunnar dags. 30.4.2021
og samráðsfundar með VG og Mannvit 23.9.2021
ÞORMÓÐUR SVEINSSON